

# Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 944/2014, um öryggi leikfanga og markaðssetningu þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu.

## 1. gr.

Við fyrstu töflu 11. liðar 3. hluta II. viðauka við reglugerðina bætist þrjár nýjar færslur:

|     |                                                         |            |
|-----|---------------------------------------------------------|------------|
| 56) | Atranól (2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð)              | 526-37-4   |
| 57) | Klóróatranól (3-klóró-2,6-díhýdroxý-4-metýlbensaldehýð) | 57074-21-2 |
| 58) | Metýlheptínkarbónat                                     | 111-12-6   |

Færsla 10 fyrir Metýlheptínkarbónat í annarri töflu 11. liðar 3. hluta II. viðauka við reglugerðina falli brott.

## 2. gr.

Í stað færslunnar fyrir sítrónellól í annarri töflu 11. liðar 3. hluta II. viðauka við reglugerðina komi eftirfarandi:

|    |             |                                |
|----|-------------|--------------------------------|
| 4) | Sítrónellól | 106-22-9, 1117-61-9, 7540-51-4 |
|----|-------------|--------------------------------|

## 3. gr.

Við aðra töflu 11. liðar 3. hluta II. viðauka við reglugerðina bætist 61 ný færsla:

|     |                                                              |                               |
|-----|--------------------------------------------------------------|-------------------------------|
| 12) | Asetýlsedren                                                 | 32388-55-9                    |
| 13) | Amýlsalisýlat                                                | 2050-08-0                     |
| 14) | trans-anetól                                                 | 4180-23-8                     |
| 15) | Bensaldehýð                                                  | 100-52-7                      |
| 16) | Kamfóra                                                      | 76-22-2, 464-49-3             |
| 17) | Karvón                                                       | 99-49-0, 6485-40-1, 2244-16-8 |
| 18) | β-karýófýllen (oxíð)                                         | 87-44-5                       |
| 19) | Rósaketón-4 (Damaskenón)                                     | 23696-85-7                    |
| 20) | α-damaskón (TMCHB)                                           | 43052-87-5, 23726-94-5        |
| 21) | cis-β-damaskón                                               | 23726-92-3                    |
| 22) | δ-damaskón                                                   | 57378-68-4                    |
| 23) | Dímetýlbensýlkarbínýlasetat (DMBCA)                          | 151-05-3                      |
| 24) | Hexadekanólaktón                                             | 109-29-5                      |
| 25) | Hexametýlindanópýran                                         | 1222-05-5                     |
| 26) | (DL)-Límónen                                                 | 138-86-3                      |
| 27) | Línalýlasetat                                                | 115-95-7                      |
| 28) | Mentól                                                       | 1490-04-6, 89-78-1, 2216-51-5 |
| 29) | Metýlsalisýlat                                               | 119-36-8                      |
| 30) | 3-metýl-5-(2,2,3-trímetýl-3-sýklópenten-1-ýl)-pent-4-en-2-ól | 67801-20-1                    |

|     |                                                                                |                                                |
|-----|--------------------------------------------------------------------------------|------------------------------------------------|
| 31) | $\alpha$ -pínen                                                                | 80-56-8                                        |
| 32) | $\beta$ -pínen                                                                 | 127-91-3                                       |
| 33) | Própýlídenþalið                                                                | 17369-59-4                                     |
| 34) | Salísýlaldehyð                                                                 | 90-02-8                                        |
| 35) | $\alpha$ -santalól                                                             | 115-71-9                                       |
| 36) | $\beta$ -santalól                                                              | 77-42-9                                        |
| 37) | Sklareól                                                                       | 515-03-7                                       |
| 38) | $\alpha$ -terpíneól                                                            | 10482-56-1, 98-55-5                            |
| 39) | Terpíneól (blanda hverfna)                                                     | 8000-41-7                                      |
| 40) | Terpínólen                                                                     | 586-62-9                                       |
| 41) | Tetrametýlasetyloktahýdrónaftalen                                              | 54464-57-2, 54464-59-4, 68155-66-8, 68155-67-9 |
| 42) | Trímetýlbensenprópanól (Majantol)                                              | 103694-68-4                                    |
| 43) | Vanillín                                                                       | 121-33-5                                       |
| 44) | Ilmberkja (Cananga odorata) og ilmberkjuolía (Ylang-ylang oil)                 | 83863-30-3, 8006-81-3                          |
| 45) | Olía úr berki atlasedrusar (Cedrus atlantica)                                  | 92201-55-3, 8000-27-9                          |
| 46) | Olía úr laufi kanilkassíu (Cinnamomum cassia)                                  | 8007-80-5                                      |
| 47) | Olía úr kanilberki (Cinnamomum zeylanicum)                                     | 84649-98-9                                     |
| 48) | Olía úr blómi beiskjuappelsínu (Citrus aurantium amara)                        | 8016-38-4                                      |
| 49) | Olía úr berki beiskjuappelsínu (Citrus aurantium amara)                        | 72968-50-4                                     |
| 50) | Olía úr berki bergamótappelsínu (Citrus bergamia), pressuð                     | 89957-91-5                                     |
| 51) | Olía úr berki sítrónu (Citrus limonum), pressuð                                | 84929-31-7                                     |
| 52) | Olía úr berki naflaappelsínu (Citrus sinensis (sh. Aurantium dulcis)), pressuð | 97766-30-8, 8028-48-6                          |
| 53) | Olía úr sítrónugrasi (Cymbopogon citratus/schoenanthus)                        | 89998-14-1, 8007-02-01, 89998-16-3             |
| 54) | Olía úr laufum gúmviða (Eucalyptus spp.)                                       | 92502-70-0, 8000-48-4                          |
| 55) | Olía úr laufum/blómum negultrés (Eugenia caryophyllus)                         | 8000-34-8                                      |
| 56) | Læknaasmína (Jasminum grandiflorum/officinale)                                 | 84776-64-7, 90045-94-6, 8022-96-6              |
| 57) | Blýantseinir (Juniperus virginiana)                                            | 8000-27-9, 85085-41-2                          |
| 58) | Olía úr ávexti lárviðar (Laurus nobilis)                                       | 8007-48-5                                      |
| 59) | Olía úr laufum lárviðar (Laurus nobilis)                                       | 8002-41-3                                      |
| 60) | Olía úr fræjum lárviðar (Laurus nobilis)                                       | 84603-73-6                                     |
| 61) | Blendingur ilmwendils (Lavandula hybrida)                                      | 91722-69-9                                     |
| 62) | Ilmwendill (Lavandula officinalis)                                             | 84776-65-8                                     |
| 63) | Piparmynta (Mentha piperita)                                                   | 8006-90-4, 84082-70-2                          |
| 64) | Hrokkimynta (Mentha spicata)                                                   | 84696-51-5                                     |
| 65) | Föstulilja (Narcissus spp.)                                                    | Ýmsar tegundir, þ.m.t. 90064-25-8              |
| 66) | Ilmpelargónía (Pelargonium graveolens)                                         | 90082-51-2, 8000-46-2                          |

|     |                                     |                                                                                                          |
|-----|-------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| 67) | Pinus mugo                          | 90082-72-7                                                                                               |
| 68) | Runnafura (Pinus pumila)            | 97676-05-6                                                                                               |
| 69) | Ilmstjarna (Pogostemon cablin)      | 8014-09-3, 84238-39-1                                                                                    |
| 70) | Olía úr rósum (Rosa spp.)           | Ýmsar tegundir, þ.m.t. 8007-01-0, 93334-48-6, 84696-47-9, 84604-12-6, 90106-38-0, 84604-13-7, 92347-25-6 |
| 71) | Hvítur sandelviður (Santalum album) | 84787-70-2, 8006-87-9                                                                                    |
| 72) | Terpentínuolía                      | 8006-64-2, 9005-90-7, 8052-14-0                                                                          |

## 4. gr.

Í stað færslunnar fyrir ál í töflunni í 13. lið 3. hluta II. viðauka við reglugerðina komi eftirfarandi:

|    |      |     |       |
|----|------|-----|-------|
| Ál | 2250 | 560 | 28130 |
|----|------|-----|-------|

## 5. gr.

Við lista sértækra viðmiðunarmarka í viðbæti C við II. viðauka við reglugerðina bætist:

| Efni        | CAS-númer | Viðmiðunarmörk                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                                         |
|-------------|-----------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Formaldehýð | 50-00-0   | 1,5 mg/l (flæðimörk) í fjölleiðuefni leikfanga<br>0,1 ml/m <sup>3</sup> (losunarmörk) í viði sem er límdu saman með trjákvöðu og notaður í leikföng<br>30 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) í textílefni sem er notað í leikföng<br>30 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) í leðri sem er notað í leikföng<br>30 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) í pappa sem er notaður í leikföng<br>10 mg/kg (viðmiðunarmörk fyrir innihald) í leikföngum sem eru að stofni til úr vatni |

## 6. gr.

Við 30. gr. reglugerðarinnar bætist fjórir nýir stafliðir, svohljóðandi:

- n. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1922 frá 18. nóvember 2019 um breytingu á 13. lið í III. hluta II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB um öryggi leikfanga, að því er varðar ál, í því skyni að laga viðaukann að þróun á sviði tækni og vísinda, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2021 frá 9. júlí 2021. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57, frá 2. september 2021, bls. 212-214.
- o. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1929 frá 19. nóvember 2019 um breytingu, að því er varðar samþykkt tiltekinna viðmiðunarmarka um iðefni, sem eru notuð í tiltekin leikföng, á viðbæti C við II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB að því er varðar formaldehýð, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2021 frá 9. júlí 2021. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57, frá 2. september 2021, bls. 215-218.

- p. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2088 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB að því er varðar merkingar ofnæmisvaldandi ilmefna í leikföngum, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2021 frá 9. júlí 2021. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57, frá 2. september 2021, bls. 219-223.
- q. Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2089 frá 11. desember 2020 um breytingu á II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB að því er varðar bann við notkun ofnæmisvaldandi ilmefna í leikföngum, eins og hún var tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2021 frá 9. júlí 2021. Tilskipunin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 57, frá 2. september 2021, bls. 224-227.

## 7. gr.

*Lagastoð og gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 10. gr. og 3. mgr. 13. gr., sbr. 3. mgr. 27. gr. laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu nr. 134/1995, með síðari breytingum og öðlast hún þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. september 2021.*

F. h. ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra,

**Ingvi Már Pálsson.**

*Daði Ólafsson.*

**Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.